

Tillaga að ályktun 43. þings ASÍ

Með tilvísun í áskorun Öryrkjabandalags Íslands beinir 43. þing ASÍ því til miðstjórnar og aðildarfélag ASÍ að vinna að náinni samvinnu með forystu ÖBÍ í komandi kjarasamningum.

Guðni Th. Jóhannsson	VR	
Ólafur Thors	VSK	
Ragnheiður Zsófia	SR	
Guðbjörg Inga	Byggja	
Þórunn H. Þórunn	Efning	
Halldór Guðmundsson	VH Skif	
Þórunn Þórunn	VR	
Guðm. Þ. Þórunn	Efning	
Valur Valur	Jötunn	
Þórunn Þórunn	Rsi	
Unnur Þórunn	Ulfur	
Þórunn Þórunn	Framfarir	
Þórunn Þórunn	VR	
Þórunn Þórunn	Efning	

Sólveig Anna Jónsdóttir, Efning
 Samanfalla. 100 AFH

Áskorun ÖBÍ til þings ASÍ

Öryrkjabandalag Íslands skorar á þing ASÍ að fela forystu ASÍ að taka upp samvinnu og virkt samráð við Öryrkjabandalagið. ÖBÍ er með 43 aðildarfélög með um 30.000 félagsmenn sem bæði eru á vinnumarkaði eða hafa fallið út af vinnumarkaði vegna veikinda eða slysa, oft eftir langan starfsaldur. ÖBÍ fer þess á leit við forystu ASÍ að tekið verði tillit til stöðu öryrkja/fatlaðs fólks í kjarabaráttunni sem framundan er.

Kjör öryrkja

Öryrkjum er haldið í fátæktargildrum með lágri framfærslu og þrengt að möguleikum þeirra til að afla sér viðbótartekna með „krónu á móti krónu“ skerðingu og öðrum tekjuskurðingum. Frítekjumörkin hafa verið óbreytt frá hruni. Á meðan frítekjumark vegna atvinnutekna stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, skila launahækkanir sér ekki til örorkulífeyrisþega á vinnumarkaði. Auk þess hefur fjöldi öryrkja engan ávinning af því að hafa greitt í lífeyrissjóð af tekjum sínum vegna gríðarlegra tekjuskurðinga. Afnáam krónu á móti krónu skerðingarinnar er óháð og óskilyt endurskoðun almannatryggingakerfisins. Afnáam þessarar 100% tekjuskurðingar er réttlætismál sem hægt er að framkvæma strax ef stjórnvöld vildu.

Einstaklingur með óskertan örorkulífeyri frá TR hefur einungis 204.000 kr. til ráðstöfunar á mánuði eftir skatt. Það vita það allir að slík upphæð dugar ekki til framfærslu. Helmingur öryrkja með einhverjar aðrar tekjur er með 246 þús. kr. eða lægri upphæð á mánuði í heildartekjur eftir skatt.

Breytingaráskattaumhverfinu á undanförunum árum hafa ekki verið til hagsbóta fyrir örorkulífeyrisþega og annað lágtekjufólk en skattbyrði hefur aukist langmest hjá tekjulægstu hópunum. Lögð er áhersla á að jafna skattbyrði á milli tekjuhópa, til dæmis með verulegri hækkun persónuafsláttar.

Öryrkjar eru mun líklegri en aðrir á sama aldri til að búa í leiguhúsnæði. Ófáir hafa misst húsnæði sitt vegna bágrar fjárhagsstöðu í kjölfar veikinda eða slysa og aðrir geta ekki fjárfest í eigin húsnæði af sömu ástæðu. Stór hópur öryrkja þarf að verja mjög háu hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í húsnæðiskostnað, og á það einnig við um öryrkja í eigin húsnæði.

Öryrkjar/fatlað fólk er afar fjölbreyttur hópur fólks allstaðar að úr samfélaginu, sem rekur heimili, á fjölskyldur og eignast börn, eins og annað fólk. Stórlega hefur skort viðurkenningu stjórnvalda og almennings á því að öryrkjar/fatlað fólk þurfi að framfleyta sér eins og annað fólk, því er samvinna við ASÍ mjög mikilvæg.

Manngildi ofar auðgildi

 ÖBÍ - EKKERT UM OKKUR ÁN OKKARI!

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður Öryrkjabandalags Íslands